

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 1397/2014****2015/EES/34/31****frá 22. október 2014****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 318/2013 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2016 til 2018 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 7. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2013 <sup>(2)</sup> var samþykkt áætlun um sérstakar einingar fyrir vinnumarkaðskönnunina fyrir tímabilið 2016 til 2018. Hún skilgreinir viðfangsefnið, viðmiðunartímabilið, úrtaksstærðina og frestinn til að senda niðurstöðurnar fyrir hverja sérstaka einingu.
- 2) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 545/2014 <sup>(3)</sup> skilgreinir þessi áætlun einnig skrána og lýsinguna á sviði sértækra upplýsinga fyrir hverja sérstaka einingu („sérstakar undireiningar“).
- 3) Til að tryggja að reglugerð (ESB) nr. 318/2013 sé í samræmi við reglugerð (EB) nr. 577/98 með áorðnum breytingum, ætti að bæta við nöfnum og lýsingu á hverri sérstakri undireiningu við fyrrnefndu reglugerðina.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 318/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 318/2013 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. október 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 370, 30.12.2014, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 318/2013 frá 8. apríl 2013 um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2016 til 2018 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtið. ESB L 99, 9.4.2013, bls. 11).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 545/2014 frá 15. maí 2014 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu (Stjtið. ESB. L 163, 29.5.2014, bls. 10).

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

## VINNUMARKAÐSKÖNNUN

### Áætlun um sérstakar einingar til margra ára

#### 1. UNGT FÓLK Á VINNUMARKAÐI

*Viðmiðunartímabil: 2016*

*Undireiningar (svið þar sem veita þarf ítarlegri upplýsingar):*

1. undireining: Upplýsingar um menntun

Markmið: veita ítarlegri upplýsingar um menntun ungmenna og auðkenna þannig þætti sem gætu haft áhrif á atvinnuhorfur þeirra.

2. undireining: Að finna starf

Markmið: að safna upplýsingum um eigin tilraunir ungmenna til að finna sér vinnu og um hjálp sem þau fá til að finna vinnu, að meta eigin skilning á því hvort menntunarsstig þeirra sé í samræmi við kröfur núverandi starfs þeirra.

#### 2. SJÁLFSTÆÐ ATVINNUSTARFSEMI

*Viðmiðunartímabil: 2017*

*Undireiningar (svið þar sem þarf að veita ítarlegri upplýsingar):*

1. undireining: Sjálfstæð atvinnustarfsemi sem er efnahagslega háð öðrum

Markmið: að auðkenna þýði fólks í sjálfstæðri atvinnustarfsemi sem er efnahagslega háð öðrum. Hópur þessi hefur sameiginlega þætti bæði með launþegum og sjálfstætt starfandi og því er atvinnustétt þeirra tvíþent.

2. undireining: Vinnuskilyrði sjálfstætt starfandi fólks

Markmið: að greina vinnuskilyrði sjálfstætt starfandi fólks og helstu ástæður þess að það starfar sjálfstætt.

3. undireining: Sjálfstætt starfandi og launþegar

Markmið: að bera saman viðhorf og væntingar sjálfstætt starfandi fólks við þau sem launþegar hafa, t.d. um stig starfsánægju.

#### 3. SAMÞÆTTING VINNU OG FJÖLSKYLDULÍFS

*Viðmiðunartímabil: 2018*

*Undireiningar (svið þar sem þarf að veita meiri upplýsingar):*

1. undireining: Umönnun

Markmið: að fá staðfest að hve miklu leyti aðgengi að hentugri umönnunarþjónustu fyrir börn og aðra einstaklinga á framfæri fólks hefur áhrif á þátttöku þess á vinnumarkaðinum.

2. undireining: Sveigjanleg vinnutilhögun

Markmið: að greina hversu mikill sveigjanleiki stendur til boða í starfi, með tilliti til þess að samþætta vinnu og fjölskyldulíf.

3. undireining: Hlé á störfum og foreldraorlof

Markmið: að auðkenna hlé á störfum sem tengjast því að annast börn eða aðra á framfæri viðkomandi, einkum foreldraorlof, og greina tímalengd þess.“